



Borgarráð

Vatnsstígur 10 og 12 - samstarfssamningur

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi samstarfssamning við Félagsstofnun stúdenta, kt. 540169-6249, um Vatnsstíg 10 og 12. Samningurinn felur m.a. í sér samráð og samstarf um flutning hússins á Vatnsstíg 12 yfir á Vatnsstíg 10, endurgerð hússins, viðbyggingu og að lokum sölu á Vatnsstíg 10.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg á lóðirnar Vatnsstíg 10 og 12. Á Vatnsstíg 10 stendur íbúðarhús sem reist var árið 1898. Úttekt hefur farið fram á húsinu og telst það ónýtt. Niðurrif hússins hefst á næstu dögum.

Reykjavíkurborg og Félagsstofnun stúdenta hafa um nokkurt skeið átt í viðræðum um uppbyggingu á lóðunum nr. 10 og 12 við Vatnsstíg. Félagsstofnun stúdenta áformar frekari uppbyggingu í Skuggahverfinu en fyrir eru stúdentaíbúðir sem kenndar eru við Skuggagarða. Á reitnum verða byggðar íbúðir fyrir um 100 námsmenn. Gert er ráð fyrir að núverandi hús í eigu FS á Lindargötu 44 verði rifið ásamt skúr á baklóð. Í staðinn verður byggt nýtt hús á þremur hæðum með félagsaðstöðu fyrir stúdenta á jarðhæð með tengingu út í sameiginlegt útisvæði.

Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er heimilt að rífa núverandi hús á Vatnsstíg 10 og flytja annað hús, sem stendur á Vatnsstíg 12, á nýjan steyptan kjallara á lóðinni. Flutningur og endurgerð hússins og útfærslur á nýjum kjallara og viðbyggingu verða unnar í samvinnu við Minjastofnun Íslands. Húsið sem nú stendur á lóð nr. 12 og flatt verður á lóð nr. 10 var reist árið 1898 og er húsið friðað samkvæmt lögum um menningarminjar. Húsið er mjög upprunalegt að gerð og gott dæmi um einföld timburhús síns tíma í byggingarsögu Reykjavíkur.

Viðræður Reykjavíkurborgar og Félagsstofnunar stúdenta hafa haft það að markmiði að leita einfaldra og hagkvæmra leiða til að ná fram heildstæðri lausn á Vatnsstíg 10 og 12 og flýta uppbyggingaráformum FS. Samhliða hefur verið lögð áhersla að tryggja fagleg vinnubrögð og niðurstöðu sem hæfir viðkomandi verkefni sem stenst kröfur um húsvernd og frágang.

Meðfylgjandi samstarfssamningur gerir ráð fyrir að Félagsstofnun stúdenta beri faglega og fjárhagslega ábyrgð á verkefninu. Félagsstofnun stúdenta mun vinna að flutningi, endurgerð og framkvæmdir við nýjan kjallara og viðbyggingu á Vatnsstíg 10 í samráði við Minjastofnun



Reykjavíkurborg

Íslands. Samningurinn stuðlar að verndun og varðveislu menningarminja í borginni og er til hagsbóta fyrir báða aðila.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig
Fjármála- og áhættustýringarsvið
Eignaskrifstofa

Hjálagt:

Drög að samstarfssamningi, dags. 20. júní 2022

Undirritaðir aðilar, Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, vegna Reykjavíkurborgar – eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík og Félagsstofnun stúdenta, kt. 540169-6249, Háskólatorgi/Sæmundargötu 4, 102 Reykjavík, gera með sér svohljóðandi;

S A M S T A R F S S A M N I N G

UM VATNSSTÍG 10 og 12

Formáli

Reykjavíkurborg og Félagsstofnun stúdenta hafa um nokkurt skeið átt í viðræðum um úrlausn verkefnis á Vatnsstíg 10 og 12 í Reykjavík. Um er að ræða endurbyggingu og flutning húss á Vatnsstíg 12 sem er í eigu Reykjavíkurborgar. Verkefnið er sérstakt af því leyti að húsið er talið hafa menningar- og byggingarsöulegt gildi og því varðveislugildi þess mikið. Félagsstofnun stúdenta þykir ákjósanlegur samstarfsaðili um verkefnið í ljósi áforma um frekari uppbyggingu á svæðinu í þágu stúdenta. Markmið viðræðna hefur verið að leita einfaldra og hagkvæmra leiða til að ná fram heildstæðri lausn á verkefninu og stuðla að verndun menningarminja og tryggja heillega götumynd Vatnsstígs og eldri hluta byggðarmynsturs á svæðinu.

Reykjavíkurborg er eigandi Vatnsstígar 10, fasteignanúmer F2003325, landeignarnúmer L101076 og Vatnsstígar 12, fasteignanúmer F2003330, landeignanúmer L101077. Húsið á Vatnsstíg 12, sem reist var árið 1898 er friðað skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

Í byrjun árs var samþykkt breyting á deiliskipulagi reits 1.152.5 vegna lóðanna nr. 42, 44 og 46 við Lindargötu og lóðanna nr. 10 og 12 við Vatnsstíg (fskj. 1). Samkvæmt deiliskipulaginu er heimilt að rífa hús á lóð nr. 10 við Vatnsstíg og flytja núverandi hús frá lóð nr. 12 (hér eftir nefnt „gamla húsið“) á nýja lóð nr. 10 við Vatnsstíg. Flutningur á gamla húsinu, endurgerð þess og útfærslur á nýju húsi á Vatnsstíg 10 skal vinna í samráði við Minjastofnun Íslands. Samkvæmt deiliskipulaginu minnkar lóðin nr. 10 við Vatnsstíg úr 278,8 m² í 176 m².

Samningur þessi felur í sér samráð og samstarf um byggingu kjallara á Vatnsstíg 10, flutning gamla hússins á nýjan kjallara á Vatnsstíg 10, endurgerð gamla hússins, byggingu hús á Vatnsstíg 10 og sölu húsanna.

Reykjavíkurborg – eignasjóður, kt. 570480-0149, mun koma fram fyrir hönd Reykjavíkurborgar í samstarfinu og vera í fyrirsvari bókhalds- og framkvæmdalega gagnvart Félagsstofnun stúdenta.

1. gr.

Samstarfið

Reykjavíkurborg mun gefa út afsal til Félagsstofnun stúdenta fyrir Vatnsstíg 12, fasteignanúmer F2003330, skráð stærð 55,4 m² og öllu því sem eigninni fylgir og fylgja ber, þegar Félagsstofnun stúdenta hefur fengið leyfi byggingarfulltrúa fyrir flutningi hússins. Þá mun Reykjavíkurborg gefa út hefðbundinn lóðarleigusamning fyrir Vatnsstíg 10 um leið og útgefið byggingarleyfi fyrir nýjum kjallara liggur fyrir. Áður mun Reykjavíkurborg láta rífa og fjarlægja núverandi hús á Vatnsstíg 10.

Félagsstofnun stúdenta mun byggja nýjan kjallara á Vatnsstíg 10 og sjá um flutning gamla hússins á nýjan kjallara. Jafnframt ber Félagsstofnun stúdenta ábyrgð á endurgerð gamla hússins og byggingu á

nýju húsi (viðbyggingu) á Vatnsstíg 10. Félagsstofnun stúdenta mun vinna að flutningi, endurgerð og byggingu á nýju húsi (viðbyggingu) á Vatnsstíg 10 í samráði við Minjastofnun Íslands.

Undirbúningur, hönnun og framkvæmdir á vegum Félagsstofnunar stúdenta á Vatnsstíg 10 skulu taka mið af gildandi deiliskipulagi. Félagsstofnun stúdenta ber ábyrgð á að afla tilskilinna leyfa og réttinda fyrir flutningi gamla hússins og framkvæmdum á Vatnsstíg 10.

2. gr.

Skyldur og ábyrgð aðila

Félagsstofnun stúdenta ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á verkefninu, sbr. 2. tl. Með fjárhagslegri ábyrgð í samningi þessum er átt við að Félagsstofnun stúdenta greiði fyrir undirbúning og flutning gamla hússins, sem og hönnun og framkvæmdir á Vatnsstíg 10. Þegar framkvæmdum á Vatnsstíg 10 er lokið skal eignin seld með það að markmiði að hámarka söluandvirði hennar. Samkvæmt samningi þessum eru fjárhagslegar skuldbindingar samningsaðila eftirfarandi:

1. Reykjavíkurborg leggur til lóðina Vatnsstíg 10 undir gamla húsið án endurgjalds en nýtt deiliskipulag fyrir Vatnsstíg 10 var kostað af Reykjavíkurborg. Komi til þess að framkvæma þurfi fornleifagröft á Vatnsstíg 10, hvort sem er til könnunar eða beinna rannsókna, mun Reykjavíkurborg greiða kostnað vegna þess án þess að sá kostnaður eða framangreindur kostnaður falli undi uppgjörsákvæði samnings þessa, sbr. nánar 3. gr.
2. Félagsstofnun stúdenta mun bera allan annan kostnað en að framan greinir sem til fellur við undirbúning, flutning, hönnun og uppbyggingu á Vatnsstíg 10. Félagsstofnun Stúdenta mun halda þessum kostnaði aðgreindum, bæði innbyrðis og gagnvart öðrum rekstri sínum. Félagsstofnun Stúdenta skal gefa Reykjavíkurborg skýrslu um stöðu og framvindu verkefnisins á tveggja mánaða fresti.

3. gr.

Verklok og sala á Vatnsstíg 10

Við verklok á Vatnsstíg 10 skal fasteignin seld og mun Félagsstofnun stúdenta annast söluna í samráði við Reykjavíkurborg. Aðilar koma sér saman um á hvaða framkvæmdastigi fasteignin verði seld. Ekki er gert ráð fyrir fullnaðarfrágangi hússins að innan en aðilar koma sér saman um frágang lóðar áður en fasteignin verður auglýst til sölu.

Verklok miðast við að framkvæmdum við gamla húsið og viðbyggingu sé lokið (lokaúttekt byggingarfulltrúa). Ekki er gert ráð fyrir fullnaðarfrágangi að innan eða lóðar.

Áður en söluverð er ákveðið af aðilum skal Félagsstofnun stúdenta taka saman allan kostnað við verkefnið, þ.m.t. vaxtakostnað, inntaksgjöld Veitna, opinber gjöld og útlagðan kostnað Félagsstofnunar stúdenta. Komi til þess að gera þurfi eignaskiptasamning vegna djúpgáma á Vatnsstíg skal hlutfallslegur kostnaður við gerð samningsins falla undir kostnað við verkefnið. Mismunur á heildarkostnaði og söluverði skiptist til helminga milli Reykjavíkurborgar og Félagsstofnunar stúdenta, hvort sem telst til gjalda eða tekna. Verði heildarkostnaður umfram söluandvirðið, sem gert verður upp með fyrrgreindum hætti, skiptist tapið jafnt milli samningsaðila. Verði hagnaður af sölunni þegar búið er að draga frá heildarkostnað verkefnisins skv. framangreindu þá skiptist hann jafnt milli samningsaðila. Við alla framkvæmd verkefnisins hverju sinni skulu aðilar horfa til þess að haga verkinu með sem hagkvæmustum hætti til þess að hámarka hagnað af sölunni.

4. gr.

Annað

Samningur þessi tekur gildi við undirritun og fellur hann úr gildi við verklok skv. 3. gr. Verði framkvæmdir á Vatnsstíg 10 ekki hafnar á vegum Félagsstofnunar stúdента innan 18 mánaða frá undirritun samningsins munu aðilar endurskoða samninginn með það að markmiði að færa til þess horfs sem nauðsyn krefur.

Samningur þessi eða réttur skv. samningi þessum er óframseljanlegur nema til komi skriflegt samþykki beggja samstarfsaðila.

Rísi ágreiningur um gildi, túlkun og framkvæmd á samningi þessum skulu aðilar leitast við að leysa ágreiningsefni með samkomulagi. Takist ekki að leysa ágreininginn skal vísa honum til Héraðsdóms Reykjavíkur.

Öllu framangreindu til staðfestu rita samningsaðilar undir samstarfssamning þennan í votta viðurvist.

Reykjavík 20. júní 2022

f.h. Reykjavíkurborgar með fyrirvara
um samþykki borgarráðs

f.h. Félagsstofnun stúdenta

Vottar að réttri dagsetningu, undirritun
og fjárræði aðila:

Nafn kt.

Nafn kt.

Fylgiskjöl:


Nr. 1 – Deiliskipulag vegna Lindargötu 40/42/46 og Vatnsstíg 10 og 12 Reitur 1.152.5

Nr. 2 – Fasteignayfirlit, fasteignanúmer F2003330


SKÚLAGÖTUSVÆÐI

BREYTING Á DEILISKIPULAGI VEGNA LINDARGÖTU 40/42/46 OG 44 OG VATNSSTÍG 10 OG 12


REITUR 1.152.5





DEILISKIPULAG
samþykkt í Borgarráði 17. nóvember 2005 og 5. september 2013



BREYTT DEILISKIPULAG



GILDANDI DEILISKIPULAG
Vatnsstigur að austan



GILDANDI DEILISKIPULAG
Lindargata að sunnan

Skilmálastafla

YFIRLIT UM LÓÐIR, LÓÐASTÆRÐIR, BYGGINGARMAGN OG SKIPULAGSÁKVÆÐI

NÚVERANDI ÁSTAND

Heiti lóðar	lóð m ²	bygg.magn m ²	nhl	Bílastæði
Vatnsstigur 10	278,8	111,9	0,40	0
Vatnsstigur 12	322,0	55,4	0,17	0
Lindargata 44	291,0	256,3	0,88	3
Lindargata 40/42/46	2989,0	4366,0	1,46	34
Heild:	3880,8	4789,6		37

BREYTTIR SKILMÁLAR

Heiti lóðar	lóð m ²	bygg.magn m ²	nhl	Bílastæði
Vatnsstigur 10	176,0	234,0	1,33	0
Vatnsstigur 12	185,0	180,0	0,97	0
Vatnsstigur 12A	222,8	180,0	0,81	0
Lindargata 40/42/44/46	3297,0	4905,0	1,49	23
Heild:	3880,8	5499		23

GREINARGERÐ:

Deiliskipulagi reits 1.152.5 vegna Lindargötu 40/42/46 og Vatnsstígur 10 var síðast breytt með samþykki Borgarráðs þann 17. nóvember 2005. Þá voru lóðirnar Lindargata 40 og 42 og Lindargata 46 sameinaðar að nýju í eina lóð að undanskilinu lóðinni að Vatnsstígur 12, en lagi var til að hún yrði óbreytt frá ástandi, verði áfram afmörku lóð fyrir númerandi hús á lóðinni. Á lóðinni Vatnsstígur 12 var aður gert ráð fyrir bílastæðum samkv. samþykkt frá október 2004. Upphaflega var gert ráð fyrir 0,4 bílastæðum á hverja íbúð á stúdentagarðum. Med breyttum samgöngumarkmiðum borgarinnar hafa krófur til bílastæða við stúdentagarða minnkð. Er bílastæðum á lóðinni því fækkað og í stað hluta þeirra komið upp sameiginlegri aðstöðu fyrir íbúa stúdentagarðanna.

BREYTT DEILISKIPULAG:

- Vatnsstígur 10:** Lóðin Vatnsstígur 10 minnkar úr 278,8 m² í 176 m². Heimilt verður að rífa númerandi hús frá 1898 á lóðinni að Vatnsstígur 10. Hús, sem nú standur á lóðinni Vatnsstígur 12, verður flutt á lóðina á nyjan steypnt kjallara. Hæð á sýnilegum sökkli yfir gótu verður ekki hærr en 1,2 m. Heimilt verður að teygja kjallarinn inn í garðinn og ofan á honum er byggingarreitur fyrir nýtt hús. Á milli gamla hússins og þess nyja verður opin þakgarður ofan á kjallarasökkum. Nýja húsið verður innregð um 30 cm svo gamla húsið fái að njóta sín. Breytingar, flutningur á húsi og útfærslur á viðbyggingu eru unnar í samvinnu við Minjastofnun.
- Vatnsstígur 12 og 12A:** Lóðin Vatnsstígur 12 er fyrir breytingu 322 m² og húsið sem á lóðinni standur verður flutt á lóðina Vatnsstígur 10. Eftir breytingar mun lóðin Vatnsstígur 12 skiptast í tvær lóðir, Vatnsstígur 12 og Vatnsstígur 12A. Vatnsstígur 12 verður 185,0 m² og Vatnsstígur 12A verður 222,6 m². Á hvora lóð um sig koma byggingarreitir fyrir ný hús, sem verða ein hæð, kjallari og ris. Kvistir verða leyfðir á húsumunum. Í þeim verða stúdentagarðar. Við hönnun umræddra húsa skal taka mið af þeim húsum sem eru að reitnum og hafa svipað form, p.e. taka skal tillits til forms, efnisvals og staðaranda við hönnun þeirra. Uppbygging á þessum lóðum er háð því að gamla húsið verði flutt á Vatnsstígur 10.
- Lindargata 44:** Lóðin Lindargata 44 sameinast lóðinni Lindargata 40/42/46 og heildarstaðir lóðarinnar verður 3293,6 m². Heimilt verður að rífa númerandi hús við Lindargötu 44, ásamt skúr á baklóð. Í staðinn verður afmarkaður nýr byggingarreitur á lóðinni fyrir byggingu á þremur hæðum. Í byggingunni verða stúdentagarðar. Á jarrhæð verður félagsaðstæða fyrir stúdenta með tengingu út í sameiginlegt útisvæði. Við hönnun hússins að Lindargötu 44 skal leitast við að fyrsta hæð hússins verði opin og í góðri tengingu við aðliggjandi útisvæði, að öðru leyti skal ytra útlit hússins endurspeglu mykt í efnisvali sem andstæðu við aðliggjandi hús, t.d. timbur, þá skal þak Lindargötu 44 vera klett grasi. Að gótu við Lindargötu 44 verður afmarkaður byggingarreitur fyrir djúpgáma.
- Lindargata 40/42/46:** Vegna lóðabreytinga við Vatnsstígur 10 og sameiningar við lóðina Lindargata 44 stækkar lóðin úr 2989,0 m² og verður eftir breytingar 3292,6 m². Vegna breyttra samgöngumarkmiða borgarinnar og breyttra krafna um bílastæði við stúdentagarða fekkar staðum á lóðinum og í staðinn kemur sameiginlegt útisvæði fyrir íbúa stúdentagarðanna á bakló við Lindargötu þar sem áður voru bílastæði.


Fjöldi bílastæða á lóð verða 23 stk., þar af eitt fyrir fatlaða.

Fjöldi íbúða:	Vatnsstígur 12	7 einstaklingsherbergi
	Vatnsstígur 12A	7 einstaklingsherbergi
	Lindargata 40	19 einstaklingsbúðir
	Lindargata 44	10 einstaklingsbúðir
	Lindargata 46	19 einstaklingsbúðir
	Lindargata 46A	60 einstaklingsbúðir

Samtals verða rými fyrir 122 einstaklinga á vegum FS á svæðinu.

Að öðru leyti gilda greinargerð og skilmálar með deiliskipulagi reits 1.152.5 sem samþykkt var í borgarráði 13. apríl 2004.

Heimilt er að gera minniháttar breytingar á húsum innan þessa skipulags, svo sem gera kvisti, svalir og lagfæringer á húsum. Þær breytingar skulu vera í samræmi við ákvæði Bróðunaráætlunar Reykjavíkur varðandi hönnun breytinga og viðbygginga á miðborgarsvæði Reykjavíkur, sbr. áðurnefnd greinargerð og skilmálar, svo og ákvæði skipulags þessum um umhverfisvernd.




Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslag nr. 123/2010, var samþykkt í/a _____ þann _____ og í/a _____ þann _____ og tilgangen var auglyst frá _____ með athugasemdir til _____ Auglysing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðöld þann _____

Nánari skilmálar, markmið og forsendur deiliskipulagsins koma fram í heftinu „Miðborgarsvæði Reykjavíkur. Greinargerð og deiliskipulagsskilmálar fyrir stadtgreinireit 1.152.5“, sem samþykkt var í borgarráði 13. apríl 2004.

Verkhleiti:	SKUGGAHVERFI Stadtgreinireltur 1.152.5
Verkhleuti:	DEILISKIPULAGSBREYTING
Teiknunúmer:	01
Mælitkvæði:	1:500
Teiknat:	ra
Yfirfarði:	
Samþykkt:	
Verknúmer:	21034
Útgáfudagur:	teikning í vinnslu
Teiknisíða:	V-11-Skipulag21034 - Lindargötuetur - deiliskipulag/01 Mödel21034 - Deiliskipulag Lindargata
Upprunatal:	May 31, 2021 - 11:37

SKÚLAGÖTUSVÆÐI, LINDARGATA 44 / VATNSSTÍGUR 10 - 12,

SKÝRINGARUPPDRÁTTUR



REITUR 1.152.5

SKÝRINGAR

- Byggingarreitur
- Viðbyggingarréttur
- Nýr byggingarreitur
- Byggingarreitur f. djúpgáma
- Flutningshús
- Flutningshús á nýjum stað
- Niðurif
- Mænisstefna
- Göngutengsl
- Akstur

Deiliskipulagsbreyting bessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt íá þann 20. Tillagan var auglýst frá 20. með athugasemdafræti til 20. Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðina þann 20.

Nánari skilmálar, markmið og forsendur deiliskipulagsins koma fram í heftinu „Miðborgarsvæði Reykjavíkur. Greinargerð og deiliskipulagsskilmálar fyrir staðgreinireit 1.152.5“, sem samþykkt var í borgarráði 13. apríl 2004.

Verkefni: SKUGGAHVERFI
Staðgreinireit 1.152.5

Verkhafi: SKÝRINGARUPPDRÁTTUR

Teiknínúmer: 02

Meiðlikvarði:

Teiknað:

Yfirlarði:

Samþykkt:

Verknúmer:

Útgáfudagur:

Teiknislöð:

Uppræðat:

Sep 29, 2021 8:10

ARKTHING | **nordic**

HALLARMÚLI 4 -108 REYKJAVÍK SÍMI: 570 5700 arkthing@arkthing.is - www.arkthing.is

SIGURDUR HALLGRÍMSSON, 170753-3139
BIRKIR ARNASON, 200787-3159
HALLUR KRISTMUNDSSON, 220573-3999
HELGÍ MAR HALLGRÍMSSON, 210279-3429

ARKITEKT
BYGG.F.R.
BYGG.F.R.
ARKITEKT

FASTEIGNAYFIRLIT

Fasteignanúmer: F2003330

Vatnsstígur 12, Reykjavíkurborg

ÞINGLÝSTIR EIGENDUR

Nafn	Kennitala	Heimild	Eignarhlutfall	Staða
Reykjavíkurborg - eignasjóður	570480-0149	Afsal	100%	þ

Landeigendur

Gögn vantar

FASTEIGNAMAT

Gildandi fasteignamat 2022

41.150.000 kr.

Fyrirhugað fasteignamat 2023

49.050.000 kr.

NOTKUNAREINING - ÍBÚÐ Á HÆÐ

Notkunareininganúmer

N2003330

Staðfang

Vatnsstígur 12

Húsmat

32.910.000 kr.

Lóðarmat

8.240.000 kr.

Brunabótamat

22.350.000 kr.

Endurstofnsverð

25.817.000 kr.

Notkun

Íbúð á hæð

Flatarmál

55,4 m²

Tryggingafélag

SA

Byggingarefní

Timbur

Skráðir umráðendur skv. fasteignaskrá

Nafn	Kennitala	Eignarhlutfall	Kaupdagur	Afhending
Reykjavíkurborg - eignasjóður	570480-0149	100%	25.06.2008	01.01.2008

Matseiningar

Merking	Lýsing	Bygg.ár	Flatarmál	Bygg.stig	Matsstig	Fasteignamat	Brunabótamat
010101	Íbúð	1898	55,4 m ²	7 Fullgerð bygging	7 Fullgerð bygging	41.150.000 kr.	22.350.000 kr.

Rekstrareiningar

Eignarhald

01 2 - Séreign

Rými	Lýsing	Lokun	Brúttó m ²	Brúttó m ³	Birt stærð m ²	Nettó m ²	Skipta m ³	H-Fl.
01 0001	Sameiginlegt rými		20,3	0	20,3	0	0	
01 0101	Íbúð á hæð		35,1	0	35,1	0	0	

LANDUPPLÝSINGAR

Landeignanúmer: L101077

Gerð	Notkun	Stærð	Lóðarmat
Lóð	Íbúðarhúsalóð	321,3 m ²	8.240.000 kr.

Skráðir umráðendur skv. fasteignaskrá

Nafn	Kennitala	Eignarhlutfall
Reykjavíkurborg - eignasjóður	570480-0149	100 %

Skýringar

Byggingarstig: Samþykkt byggingarstig frá byggingarfulltrúa

Matsstig: Forsenda mats

Vísitala brunabótamats: 840

ATH: Þinglýst eignaskiptayfirlýsing er sú heimild sem gildir um skráningu fasteigna. Ef misræmi er á milli upplýsinga í fasteignaskrá og þinglýstrar eignaskiptayfirlýsingar þá gildir þinglýst eignaskiptayfirlýsing.